

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir

Afboða, mæta ekki : Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir, Oddur Örnólfsson, Árni Stefánsson

Fundur 24.11.2022 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Kynntur var nýr stjórnarmaður til leiks í stað Hilmars Arnar sem sagði sig úr stjórn vegna anna. Nýr stjórnarmaður heitir Árni Stefánsson og er m.a í stjórn hjá sunddeild Ármanns. Þjóðum Árna velkominn til starfa.
- b. ÍM 25 var haldið í Ásvallalaug 18-20. nóvember. Umræða var um mótið sem tókst mjög vel og nokkur met féllu. Keppendur voru 172 og hefði mátt búast við fleirum vegna unglingsflokksins.
- c. Samþykktar hafa verið reglugerðabreytingar vegna mótamála og búið að prófarkalesa þær og yfirfara. Reglugerðabreytingarnar eru komnar inn á heimasíðu SSÍ og hafa verið sendar á hreyfinguna.
- d. Vinna stendur yfir við áætlanagerð fyrir árið 2023. ÍSÍ hefur gefið út að það verði 10% lægri fjárhæð til úthlutunar á þessu ári en því síðasta. Ekki er vitað í hvaða flott hvert sérsamband raðast.
- e. Formannafundur ÍSÍ verður haldin föstudaginn 25. Nóv. Formaður og framkvæmdastjóri SSÍ sækja fundinn fyrir hönd SSÍ.
- f. Formaður, framkvæmdastjóri, yfirmaður landsliðsmála og mótastjóri hafa hisst í tvígang varðandi uppfærslu á heimasíðu SSÍ. Búið er að skrifa undir samning við Advania og verkefnið er hafið.
- g. Landsátakið „Syndum“ var sett í Laugardalslaug 1. Nóvember. Formenn SSÍ og ÍSÍ settu átakið, sem stendur til 30. nóv, með nokkrum eldhressum sundlaugagestum á besta aldri.
- h. Umræða um þjónustugjöld. Erfiðlega hefur gengið að rukka nokkur félög og iðkenndatölur eru á reiki.
- i. Mannvirkjanefnd er langt komin með að setja upp skýrslu sem á að vera leiðbeinandi fyrir bæjarfélög og aðra sem eru að byggja og eða breyta sundlaugamannvirkjum. Í skýrslunni eru listað upp hvað þarf til að viðkomandi sundlaug standist lágmarkskröfur til sundkennslu, æfinga og keppni í sundi. Send hefur verið út þarfagreining til aðila innan sundhreyfingarinnar þar sem beðið eru um álit á hinum ýmsu liðum sem koma að mannvirkjum. Hörður Oddfríðarson mun lesa skýrsluna yfir og fara yfir þá punkta sem borist hafa.
- j. SH, KR og Ármann hafa komið sér saman um að mæta sameinuð til leiks undir í keppni í Waterpolo. Fundað verðu með þeim í vikunni og þeirri vinnu haldið áfram að gera Waterpolo að keppnisgrein hér á landi undir merkjum SSÍ og hvernig næstu skref verða tekin varðandi þjónustugjöld, keppnir o.sfrv. LEN tilbúnir að senda tvo dómara hingað.

3. Afreksmál

- Verkefni framundan
 - Norðurlandamótið fer fram í Bergen daganan 10. – 12. desember. Árangurinn á ÍM25 fór fram úr björtustu væntingum, en í allt náðu 22 einstaklingar B lágmarkum. Allir nema einn taka þátt í mótinu og kynjaskiptingin er mjög góð (10 konur og 11 karlar). Þjálfarar verða Arna Þórey, Kjell og Mlanden. Farstjóri verður Aðalbjörg Óladóttir. Brottför er 8. des og heimkoma 13. des. Mótið fer fram núna laugardag- mánudags.
 - Heimsmeistaramótið í 25m laug fer fram í Melbourne frá 13. – 18. Desember. Brottför verður 1. Desember og heimkoma þann 20. Desember. Ísland mun taka þátt í norrænum æfingabúðum í Melbourne fyrir mótið frá 3-10.des. Anton Sveinn og Snæfríður Sól taka þátt, þjálfari og farstjóri verður Leifi og sjúkraþjálfari Hlynur.
 - Fjöldi sundfólks sem synti sig inn í Landsliðshópa SSÍ fór einnig fram úr björtustu vonum. En í allt hafa 30 einstaklingar synt sig inn í hópana, sem eru 3 fleiri enn í fyrra. Tveir einstaklingar erlendis hafa tók á að bætast við hópinn, en það eru Ronja sem keppir á Sænskameistaramótinu og Ýmir sem keppir á Frönskubíkarkeppninni um þessa helgi.
 - Eyleifur og Ingibjörg taka þátt í norðrænum fundi framkvæmdarstjóra og yfirþjálfara í Helsinki 18-20. Janúar.
 - Næsta æfingahelgi Framtíðarhóps verður haldin 20-21. Janúar í Laugardalslaug. Lágmarkatímabilinu líkur sunnudaginn 4. Desember eftir Fjölnismótið.
 - Mælingar landsliðshópa verður haldið í tveimur áföngum. Fyrir Reykjavík International swim meet verða styrkarmælingar hjá Gauta Grétars og eftir mótið sundmælingar hjá Ragnari Guðmundssyni. Mælingarnar enda svo með fræðslu og sameiginlegri æfingu laugardaginn 4. Febrúar.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- Fundur dómara nefndar nr. 112. Farið var yfir fundargerð.

5. Félagaskipti

| Nafn: | Fyrra félag: | Nýtt félag: | dags. mótt. | Tekur gildi |
|-------|--------------|-------------|-------------|-------------|
|-------|--------------|-------------|-------------|-------------|

6. Staðfesting meta

25metra laug

Íslandsmet Konur

| Grein: | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður |
|----------------|------------------------------|---------|----------|------------|---------|
| 200m skriðsund | Snæfríður Sól Jórunnardóttir | Aalborg | 01:55,60 | 18.11.2022 | Danmörk |
| 100m skriðsund | Snæfríður Sól Jórunnardóttir | Aalborg | 00:53,88 | 19.11.2022 | Danmörk |
| 100m skriðsund | Snæfríður Sól Jórunnardóttir | Aalborg | 00:53,75 | 20.11.2022 | Danmörk |

25metra laug

Íslandsmet Karlar

| Grein: | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður |
|-----------------|------------------|--------|----------|------------|-------------|
| 4x50m fjórsund | Blönduð sveit SH | SH | 01:47,21 | 19.11.2022 | Hafnarfirði |
| 4x100m fjórsund | Karla sveit SH | SH | 03:42,37 | 20.11.2022 | Hafnarfirði |

Unglingamet strákar

| Grein: | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður: |
|--------|-------|--------|-------|-------|---------|
|--------|-------|--------|-------|-------|---------|

| | | | | | |
|-----------------|------------------------|----|----------|------------|-------------|
| 100m bringusund | Daði Björnsson | SH | 01:00,67 | 18.11.2022 | Hafnarfirði |
| 100m bringusund | Snorri Dagur Einarsson | SH | 01:00,31 | 18.11.2022 | Hafnarfirði |
| 4x100m fjórsund | Sveit | SH | 03:45,48 | 20.11.2022 | Hafnarfirði |

Unglingamet stúlkur

| Grein: | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður: |
|------------------|-------|-------------|----------|------------|-------------|
| 4x50m fjórsund | Sveit | ÍRB | 1:59,35 | 18.11.2022 | Hafnarfirði |
| 4x100m skriðsund | Sveit | Breiðabliks | 03:56,06 | 19.11.2022 | Hafnarfirði |

Aldursflokkamet strákar

| Grein: | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður: |
|-----------------|-------|--------|----------|------------|-------------|
| 4x100m fjórsund | Sveit | SH | 04:05,48 | 20.11.2022 | Hafnarfirði |

Aldursflokkamet stúlkur

| Grein: | Nafn: | Félag: | Tími: | Dags: | Staður: |
|---------------|---------------------------|--------|----------|------------|-------------|
| 100m fjórsund | Vala Dís Cicero | SH | 1:05,91 | 18.11.2022 | Hafnarfirði |
| 50m flugsund | Vala Dís Cicero | SH | 00:28,44 | 19.11.2022 | Hafnarfirði |
| 100m flugsund | Ylfa Lind Kristmánsdóttir | Árman | 01:04,52 | 20.11.2022 | Hafnarfirði |

7. Aðsend bréf

| Dags | Efni | Sendandi |
|------------|---------------|----------|
| 10.11.2022 | LEN orkumál | LEN |
| 22.11.2022 | Fina Congress | FINA |

8. Önnur mál:

- Búist er við miklum breytingum á lögum og reglugerðum FINA á árlegri ráðstefnu hjá þeim sem haldin verður í Melbourne samhliða HM25. Þjóðir NSF hafa fundar í gegnum fjarfundarbúðnað og farið yfir helstu breytingar og gæta þess að hagsmunum sé gætt.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00